



GRÆNNI  
BYGGÐ

GREEN BUILDING  
COUNCIL ICELAND

## SJÁLFBÆRAR SAMGÖNGUR SJÁLFBÆR SVEITARFÉLÖG

- Tryggja fjármögnun frá ríkinu í Borgarlínu fyrir nauðsynlegar framkvæmdir á árunum 2019-2023. Borgarlína er forsenda fjölbreytts ferðamáta á höfuðborgarsvæðinu og öllum til hagsbóta.
- Styðja við faglega umræðu um Borgarlínu.
- Tryggja að fjölbreyttur ferðamáti sé aðgengilegur á vinnusóknarsvæðum á landsbyggðinni.
- Auka fjármagn í innviði fyrir hjólreiðar, 10% af nýframkvæmdafé.
- Fjárveiting í verkefnið um Græna stíginn í Græna treflinum á höfuðborgarsvæðinu og stuðla að bættu samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (fyrirmynnd vegurinn frá Akureyri inn á Hrafnagil).
- Fjárhagslegir hvatar fyrir sveitarfélög sem setja sér ákveðin markmið varðandi vistvænar samgöngur og ná þeim að fyrirmynnd norðmanna.
- Tryggja þekkingu á viðgerðum fyrir hjólreiðar, rafmagnshjól og rafmagnsbíla.
- Fella niður virðisaukaskatt á hjólum, rafmagnshjólum og hjólaviðgerðum.
- Innleiða fjárhagslega hvata fyrir vistvænar byggingar hjá sveitarfélögum.
- Heilstæð stefna um staðsetningu á ríkisrekinni þjónustu við þéttbýliskjarna/almenningssamgöngur.
- Markmið um að hjólreiðar verði 8% af ferðum landsmanna og 10-15% af ferðum í stærri bæjum fyrir 2025.
- Landsáætlun varðandi gangandi vegfarendur.
- Tryggja áframhaldandi stuðning við rafmagnsbíla og innviði fyrir rafmagnsbíla.
- Setja á fót samráðshóp sveitarfélaga varðandi aðgerðir og markmiðasetningu í loftslagsmálum og grænum lausnum.
- Fjárhagslegir hvatar til orkuskipta fyrir atvinnutæki, t.d. grófur og aðrar vinnuvélar (jarðefnaeldsneytisfrí vinnusvæði).